Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík Reykjavík

12. desember 2022

Efni: Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi um áform um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun, mál nr. 231/2022

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi fagnar áformum stjórnvalda um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun og fagnar jafnframt því að því að leita eigi til félaga- og hagsmunasamtaka sem vinna að mannréttindum við undirbúning stofnunarinnar. Mikilvægt er sem flestir, ekki síst jaðarsettir hópar, fái rödd ferlinu.

Siðmennt telur ástæðu til að hafa áhyggjr af sjálfstæði mannréttindastofnunar heyri hún undir framkvæmdavaldið. Jafnframt telur félagið grundvallaratriði að að fjár- og mannaforráð stofnunarinnar verði með þeim hætti að hún nái að sinna hlutverki sínu og haldi jafnframt sjálfstæði sínu gagnvart stjórnvöldum. Áætlaður fjöldi stöðugilda og það fjármagn sem ætlað er í verkefnið vekja áhyggjur af því að stofnunin nái ekki að sinna þeim fjölbreytilegu verkefnum sem munu lenda á hennar borði.

Siðmennt er meðal aðildarfélaga Mannréttindaskrifstofu Íslands og tekur undir umsögn skrifstofunnar auk þess að hveta til þess að sú reynsla og þekking sem finnst innan Mannréttindaskrifstofunnar verði nýtt í undirbúningi nýrrar stofnunar.

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi hvetur stjórnvöld til að sýna metnað þegar kemur að stofnun mannréttindastofnunar og tryggja sjálfstæði hennar og getu til að sinna mannréttindum á breiðum grundvelli.

Bestu kveðjur,
Sigþrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Siðmenntar, félags siðrænna húmanista